

## Foreldrakönnun við ME, 2006


Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður foreldrakönnunar sem Menntaskólinn á Egilsstöðum stóð fyrir vorið 2006. Könnunin var send út í apríl 2006 og bárust 120 svör, eða 50 %. Spurt var um afstöðu og viðhorf foreldra til ýmissa þátta í skólastarfinu. Spurningarnar voru að nokkru byggðar á sambærilegri könnun sem gerð var í ME árið 2000. Nokkrar breytingar voru þó gerðar á spurningunum og var vinnan við það í höndum starfshóps um innra mat í samráði við námsráðgjafa ME og Foreldra- og hollvinafélag ME. Úrvinnsla og framsetning var öll í höndum starfshóps um innra mat, en hann skipuðu Jón Ingi Sigurbjörnsson, Sigrún Hrafnisdóttir, Ingibjörg Bergmundsdóttir, Þorbjörn Rúnarsson, Sigrún Blöndal, Arnar Sigbjörnsson og Sigurður Ingólfsson.

Þessi könnun er liður í innra mati á skólastarfi ME en í 23. grein laga frá 1996 nr. 80 segir að:


Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.








Markmið þessarar könnunar er að fá innsýn í viðhorf og hugmyndir foreldra varðandi ýmsa þætti skólastarfsins, enda eru slíkar upplýsingar mikilvægar fyrir skólann, ekki síður en upplýsingar frá nemendum sjálfum. Könnun sem þessi er mikilvæg í viðleitni skólans til að meta stöðu skólastarfsins og skapa þannig forsendur til þess að bæta það í framtíðinni. Niðurstöður könnunarinnar verða síðan notaðar við gerð tillagna um úrbætur þar sem þess er talin þörf.






### Niðurstöður





### Hver er afstaða þín til eftirfarandi fullyrðinga varðandi starf framhaldsskóla almennt?









## Umræða

Þessi könnun er í flestu sambærileg við könnunina frá árinu 2000 og niðurstöður svipaðar.

Foreldrar hafa miklar væntingar til skólans varðandi góðan undirbúning nemenda fyrir háskólanám og verkmenntun auk þess sem þeir telja mikilvægt að nemendur fái góða almenna menntun. Nánast allir telja mikilvægt að komið sé til móts við mismunandi námsgetu nemenda.

Fleiri foreldrar en í síðustu könnun telja mikilvægt að nemendur öðlist þekkingu á atvinnulífnum.

Ánægjulegt er að nánast allir eru ánægðir með þær móttökur sem þeir fá þegar þeir leita til skólans og nánast allir fá úrlausn erinda sinna.

Fram kemur að svarendur eru ánægðari nú en árið 2000 með fyrirkomulag samstarfs milli heimilis og skóla þó að athygli veki hversu margir eða 46,7% taki ekki afstöðu til spurningarinnar. Tæplega helmingur svarenda er ánægður með það samband sem er.

Um 64% nemenda eldri en 18 ára hafa veitt skólanum leyfi til að miðla upplýsingum til foreldra/forráðamanna.

Tæplega helmingur svarenda hefur ekkert samband haft við umsjónarkennara. Greinilegt er að foreldrar telja að ýmsar leiðir skólans séu vænlegar til samskipta þar sem um 80% svarenda eru ánægðir með að fá fréttabréf skólans og litlu færri vilja að umsjónarkennari hafi samband heim. Ánægjulegt er að nú eru mun fleiri foreldrar en í fyrri könnun sem telja að heimasíða skólans henti vel í samstarfi þeirra við skólann.

Nær allir foreldrar telja mikilvægt að fá upplýsingar um skólasókn nemenda og að foreldrar eigi að fylgjast með henni en einungis 43% svarenda hafa komist upp á lag með að fylgjast með fjarvistum í upplýsingakerfi skólans, Innu, að jafnaði. Nær allir svarendur telja hins vegar mikilvægt að skólinn láti vita ef nemandi mætir illa í skólann. Mikill meirihluti foreldra telur sig eiga að fylgjast með námsgengi barna sinna en vill þó að skólinn láti foreldra vita ef nemandi sýnir ekki fullnægjandi námsárangur.

Það er ánægjulegt að fleiri foreldrar virðast nú aðstoða börn sín við heimanám en í fyrri könnun. Rúmlega 60% svarenda fylgjast að einhverju leyti með heimanámi og heldur fleiri aðstoða við heimanám með einhverjum hætti.

Það eru viss vonbrigði að einungis 58% svarenda telja að samstarf heimilis og skóla geti bætt námsárangur nemenda og fjórðungur tekur ekki afstöðu til spurningarinnar.

Um 60% svarenda telja að foreldrafélag eigi að starfa við skólann og fleiri foreldrar virðast nú en áður vilja að starfandi sé foreldrafélag við skólann. Samt eru einungis 34% foreldra tilbúnir til að taka þátt í foreldrasamstarfi og 17,5% hafna því alveg að taka þátt í slíku samstarfi.

80% svara ekki spurningunni um það á hvern hátt foreldrar eigi að vera virkir þátttakendur í félagslífi barna sinna en af þeim sem svara geta flestir hugsað sér að veita aðstoð við leiksyningar, íþróttamót eða annað. Afgerandi meirihluti foreldra álitur að skólinn eigi að hafa umsjón með dansleikjum fyrir nemendur. Aðeins tæpur helmingur svarenda vill gefa nemendum yngri en 18 ára skriflegt leyfi til að sækja dansleiki á vegum skólans/nemendafélagsins en þó er það aukning frá síðustu könnun.

Um 70% foreldra nemenda á heimavist vildu að heimavistargangur ME væru vaktaðir með öryggismyndavélum og einungis lítill fjöldi taldi þörf á frekara eftirliti. Þess ber að geta að könnunin var gerð áður en öryggismyndavélar voru fjarlægðar af heimavistargöngunum samkvæmt úrskurði Persónuverndar.